



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 7. júní 2022
VEL22050031

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um viðbrögð við aukinni ásókn í neyðar,- og gistiskýli fyrir karlmenn

Á fundi velferðarráðs þann 25. maí 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um viðbrögð við aukinni ásókn í neyðar,- og gistiskýli fyrir karlmenn:

Lagt er til að samþykkt verði heimild til að ráða í 6,4 stöðugildi til að bæta þriðja starfsmanni á vaktir í neyðarskýlum borgarinnar að Grandagarði 1a og Lindargötu 48, vegna aukinnar ásóknar í skýlin. Kostnaður vegna stöðugildanna er 46 m.kr á árinu, sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins. Enn fremur að velferðarsviði verði veitt heimild til að taka á leigu tímabundið húsnæði með auknum gistimöguleikum til að svara aukinni eftirspurn.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir benda á að samkvæmt samþykktri stefnu borgarinnar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir 2019-2025 var sett fram það markmið að öllum sem þyrftu skyldi bjóðast að gista innanhúss. Mælikvarði á árangur markmiðsins er að engum skyldi vísað frá neyðarskýlum vegna plássleysis. Til þess að hægt sé að fylgja markmiðinu eftir er ljóst að bæta þarf við stöðugildum og mögulega leigja viðbótarhúsnæði.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillaga er lögð fram af meirihlutanum að samþykkt verði heimild til að ráða í 6,4 stöðugildi til að bæta þriðja starfsmanni á vaktir í neyðarskýlum borgarinnar að Grandagarði 1a og Lindargötu 48, vegna aukinnar ásóknar í skýlin. Þetta er góð tillaga. Flokkur fólksins hefur einnig viljað sjá gerðar breytingar á opnunartíma þessara skýla þannig að þau yrðu opin allan sólarhringinn en skýlin loka yfir daginn. Vonandi kemur fljótlega ákvörðun um það hjá þeim meirihluta sem tekur við. Sumt fólk hefur engan annan samastað, annan en kannski götuna.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, reading 'Regína Ásvaldsdóttir'.

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um viðbrögð við aukinni ásókn í neyðar,- og gistiskýli fyrir karlmenn, ásamt fylgiskjölum, lögð fyrir fund velferðarráðs 25. maí 2022.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Viðbrögð við aukinni ásókn í neyðar,- og gistiskýli fyrir karlmenn

Lagt er til að samþykkt verði heimild til að ráða í 6,4 stöðugildi til að bæta þriðja starfsmanni á vaktir í neyðarskýlum borgarinnar að Grandagarði 1a og Lindargötu 48, vegna aukinnar ásóknar í skýlin. Kostnaður vegna stöðugildanna er 46 m.kr á árinu, sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins. Enn fremur að velferðarsviði verði veitt heimild til að taka á leigu tímabundið húsnæði með auknum gistimöguleikum til að svara aukinni eftirspurn.

Greinargerð:

Undanfarna mánuði hefur borið á mikilli ásókn í neyðarskýli Reykjavíkurborgar að Lindargötu og Grandagarði þannig að fleirum er hleypt að en gert er ráð fyrir í kröfulýsingu starfseminnar. Hefur þetta valdið erfiðleikum við að tryggja öryggi gesta og starfsfólks og hafa atvikaskráningar aukist.

Samkvæmt stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019-2025 var sett fram það markmið að öllum sem þyrftu skyldi bjóðast að gista innanhúss. Mælikvarði á árangur markmiðsins var að engum yrði vísað frá neyðarskýlum vegna plássleysis:


A1: Að öllum sem þess þurfa bjóðist að gista innanhúss

Mælikvarði 1: Að engum sé vísað frá neyðarskýlum vegna plássleysis

Þessu markmiði hefur verið fylgt eftir þar sem engum gesti er vísað á dyr, óháð þeim fjölda sem er í húsi. Nýtt neyðarskýli var sett á laggirnar að Grandagarði haustið 2019 með aðstöðu fyrir allt að 13 einstaklinga auk tveggja neyðarplássna. Þannig var plásssum í neyðarskýlum fyrir karla fjölgað úr 23 í 40 auk þess sem áhersla var á að skipta hópnum upp og bjóða yngri einstaklingum aðstöðu í skýlinu á Granda.


Samkvæmt kröfulýsingu Neyðarskýlisins að Grandagarði er gert ráð fyrir 13 rúmum og 2 neyðarplássum eða alls 15 rúmum. Í mars og apríl sl. hefur nýtingin í Grandagarði aukist eins og sjá má á mynd 1 hér að neðan. 17-19 einstaklingar hafa að jafnaði gist í Neyðarskýlinu þessa mánuði. Taka þarf fram að skráningarkerfi neyðar,- og gistiskýla býður ekki upp á að skrá gesti inn í þjónustu ef að þeir fá ekki úthlutað rúmi en gestir hafa þurft að gista á bekkjum í matsal. Starfsfólk hefur eftir bestu getu haldið utan um skráningu þeirra sem hafa gist umfram gistirými og tekur neðangreind tölfræði mið af

Því. Unnið er að því að breyta skráningarkerfi til að endurspegla betur rauntölur í neyðarskýlunum.



mynd 1 – nýting á Neyðarskýlinu að Grandagarði

Gistiskýlið að Lindargötu getur nú tekið á móti 23 gestum í rúm og 2 í neyðarpláss eða alls 25 rúm. Í mars og apríl sl. hefur nýtingin á Lindargötu aukist eins og sjá má á mynd 1 hér að neðan. Þegar mest hefur verið hefur fjöldinn farið yfir 30 manns en algengt er að 28-29 hafi gist að jafnaði í skýlinu þessa tvo mánuði.



mynd 2 – Nýting á gistiskýlinu Lindargötu

Núverandi ástand hefur áhrif á öryggi gesta og starfsmanna og sýnir atvikaskráning og alvarleiki skráninga fram á það. Fjölgun á gestum innan neyðarskýla eykur líkur á ágreiningi og átökum innanhúss. Um er að ræða gesti með fjölpættan vanda og margir eiga í erfiðleikum með að vera í miklu návígi við aðra gesti. Við þær aðstæður er öryggi

gesta sem og starfsmanna ógnað. Mönnunarlíkan neyðar,- og gistiskýla gerir ráð fyrir tveimur starfsmönnum á hverri vakt.

Til að tryggja öryggi notenda og starfsmanna neyðarskýlanna hefur sviðsstjóri veitt heimild til að auka við stöðugildi á báðum stöðum með tilheyrandi kostnaði. Enn fremur hefur verið veitt heimild til að vísa þeim gestum frá sem koma frá sveitarfélögum sem hafa ekki gert samning við Reykjavíkurborg um dvöl í neyðarskýlunum. Einnig hefur verið settur aukinn kraftur í að finna þeim gestum, sem það geta, aðra gistingu auk þess sem óskað hefur verið eftir því að eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar aðstoði við leit að hentugu húsnæði. Þá hefur verið óskað eftir sérstakri úttekt slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi brunavarnir í báðum neyðarskýlunum.

Kostnaðarauki vegna tillögunnar er 46 m.kr. Miðar kostnaðurinn við að bæta við þriðja starfsmanni á vakt í báðum neyðarskýlum frá 1. júní til 31. desember 2022 en í dag eru tveir á hverri vakt. Til að manna allar vaktir er nauðsynlegt að ráða inn starfsmenn í 6,4 stöðugildi.

Jafnréttisskimun fylgir tillögunni en ekki er talin þörf á sérstöku jafnréttismati.

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	23.05.2022
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Dís Sigurgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Viðbrögð við aukinni ásókn í neyðar- og gistiskýli fyrir karlmenn
Þjónustubáttur:	Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir
Stofnun/kostn.st.:	F3255 Neyðarskýli Grandagarði 1a
Fjárhæð:	46 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Lagt er til að samþykkt verði heimild til að ráða í 6,4 stöðugildi til að bæta þriðja starfsmanni á vaktir í neyðarskýlum borgarinnar að Grandagarði 1a og Lindargötu 48, vegna aukinnar ásóknar í skýlin. Kostnaður vegna stöðugildanna er 46 m.kr á árinu, sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins. Enn fremur að velferðarsviði verði veitt heimild til að taka á leigu tímabundið húsnæði með auknum gistimöguleikum til að svara aukinni eftirspurn.

Markmið tillögunnar er að auka þjónustu við heimilislause karla með miklar og flóknar þjónustuparfir til að þurfa ekki að vísa þeim frá neyðarskýlum borgarinnar.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Já. Tillagan snertir einungis neyðarskýli karla á Lindargötu og Grandagarði en sambærilegt úrræði er til fyrir konur, þ.e. Konukot. Ekki er sama aukning á gistinóttum í Konukoti þannig að ekki þarf að bregðast við á sama hátt. Færri konur eru heimilislause en karlar. Þann 1. október 2021 voru 214 karlar heimilislause og 87 konur.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Heimilislause karla með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan bætir þjónustu við jaðarsettan hóp karlmanna.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Ekki er talin þörf á jafnréttismati. Góð töfræði, rannsóknir og greiningar liggja fyrir í málaflokknum, sjá Úttekt Reykjavíkurborgar: Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir 1. okt. 2021 og því góð yfirsýn yfir stöðu í málefnum heimilislausra kvenna og karla með miklar og flóknar þjónustuparfir.